

## Samkomulag Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar

### um sameiginlega þróun, hýsingu og rekstur á Veitu

Samningsaðilar Samband íslenskra sveitarfélaga kt. 550269-4739 (hér eftir Sambandið), og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 gera með sér eftirfarandi samkomulag um sameiginlega þróun og rekstur Veitu.

#### 1. gr.

##### *Markmið og bakgrunnur verkefnisins*

Verkefnið felur í sér sameiginlega þróun, hýsingu og rekstur á Veitu, kerfi fyrir umsóknir vegna félagsþjónustu sveitarfélaga með það fyrir augum að til staðar verði ein lausn sem öll sveitarfélög sem þess óska geti innleitt í starfsemi sína.

Nýsamþykkt lög um endurskoðun örorkulífeyriskerfis kveða á um lögbundna þátttöku sveitarfélaga í þjónustugátt Tryggingastofnunar. Reykjavíkurborg og Sambandið reka hvor sína útgáfuna af Veitu sem upphaflega var hönnuð og smíðuð við vinnslu fjárhagsaðstoðarumsókna Reykjavíkurborgar en ljóst er að tækifæri felast í því fyrir sveitarfélög að takast sameiginlega á við verkefnið að tengja eina Veitu við þjónustugáttina.

Þá er ætlunin að nýta lausnina til að afgangi aðrar sameiginlegar og samræmdar umsóknir sem verða þróaðar inn á Ísland.is til dæmis samræmda umsókn um heimaþjónustu fyrir „Gott að eldast verkefnið“. Með samrekstri sameiginlegrar Veitu má ná fram samlegðaráhrifum bæði vegna þróunar og reksturs en ekki síður vegna samræmingar vinnubragða og sameiginlegri tengingu við „Mínar síður“ á Ísland.is.

#### 2. gr.

##### *Þróun Veitu*

Sambandið og Reykjavíkurborg vinna sameiginlega að þróun nýrrar Veitu. Skoðaðir verði eftirfarandi möguleikar:

1. Hvort að önnur hvor lausn af núverandi Veitum henti til framþróunar
2. Hvort að gera skuli nýja útgáfu með íhlutum frá hvorri Veitu fyrir sig
3. Hvort að til sé lausn á markaði sem er hagkvæmari

Sú lausn sem verður fyrir valinu skal vera fjölnotendalausn (e. multi-tenant) og tengd straumi þjónustugáttar Tryggingastofnunar.

#### 3. gr.

##### *Rekstur Veitu og kostnaðarskipting*

Lausnin Veitur verður sameign sveitarfélaga í landinu. Reykjavíkurborg mun sjá um þróun, viðhald, rekstur og hýsingu á lausninni Veitur.

Kostnaður af þróun og rekstri lausnarinnar mun skiptast þannig að allir þátttakendur greiða fastan kostnað sem nær yfir sameiginlega innviði og grunnrekstur, sem og hlutdeild í sameiginlegri

frampróun, þ.m.t. vörustýringu. Þessum kostnaði verður skipt í hlutfalli við íbúafjölda hvers sveitarfélags.

4. gr.

#### Verklag

Sambandið leggur verkefninu til **verkefnastjóra** sem heldur utan um verkefnið og sér um samskipti við stýrihóp, fagráð og vörustjóra.

Reykjavíkurborg útvegar verkefninu **vörustjóra**. Hann heldur utan um innsendar beiðnir og óskir frá notendum og vinnur tillögur að framgangi þeirra til stýrihóps í samvinnu við verkefnastjóra.

Fimm manna **stýrihópur**, skipaður fulltrúum sveitarfélaga, Sambandsins og Reykjavíkurborgar vinnur að útfærslum verkefnisins. Hann vinnur úttektir, samantektir og forgangsmat verkefna og leggur þær tillögur fyrir fagráð. Stýrihópurinn fylgir verkefnum eftir í samræmi við forgangsröðun fagráðs.

**Fagráð** er skipað fulltrúum allra sveitarfélaga sem taka þátt í verkefninu. Það forgangsráðar verkefnum og felur stýrihópi eftirfylgni þeirra. Forgangsröðun verkefna er metið út frá fyrirfram ákveðnum forsendum, til að tryggja sanngjarna meðferð tillaga að viðbótum eða þróun í Veitum.

5. gr.

#### Gildistaka og ágreiningur

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2025. Það er ótímabundið en uppsegjanlegt með 6 mánaða fyrirvara. Samið verður sérstaklega um uppgjör eigna og skulda ef til uppsagnar kemur.

Mál er kunna að rísa út af samkomulaginu skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.